

LÖG

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,
og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
- b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 6. málsl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
- b. Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum kemur:
1. október 1998.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.